

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Til allsherjarnefndar Alþingis
Pskj. 18 – 18 mál. 135. löggjafarþing 2007–2008.

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum
sem varða réttindi samkynhneigðra**

Samtökin '78 fagna framkomnu frumvarpi um breytingu á hjúskaparlögum og fleiri lagagreinum sem miða að því að hjúskaparlög nr. 31/1993 gildi um hjúskaparstofnun tveggja einstaklinga af sama kyni á sama hátt og þau varða nú hjúskaparstofnun tveggja einstaklinga af gagnstæðu kyni. Forysta félagsins lýsir yfir eindregnum stuðningi við frumvarpið og telur þær breytingar sem í því felast mikilvægt skref í þá átt að ein og sömu lög varði hjúskaparstofnun fólks án tillits til kynhneigðar.

Lög um staðfesta samvist voru á sínum tíma stórkostlegt skref í þá átt að bæta réttarstöðu samkynhneigðra og styrkja fjölskyldurétt þeirra. Forysta Samtakanna '78 barðist heilshugar fyrir því að þau yrðu að veruleika en horfðist jafnframt í augu við þann sára sannleika að í þeim fólust takmarkanir sem vitnuðu um tregðu löggjafans til að virða og viðurkenna það að öllum þegnum þjóðfélagsins bæri sami réttur. Með lögum um staðfesta samvist frá 1996 var samkynhneigðum þörum til að mynda beinlínis meinað að ættleiða börn og njóta þjónustu opinaberra sjúkrastofnana til tækniþróvagnar. Þessar hindranir hafa fallið ein af annarri með breyttum viðhorfum, árið 2000 og árið 2006, og nú er enginn sá munur á réttarstöðu gagnkynhneigðra hjóna og samkynhneigðra para í staðfestri samvist sem réttlætir það að hjúskaparstofnun grundvallist á tveimur lagabálkum.

Með því að ætla öllum þegnum ein hjúskaparlög án tillits til kynhneigðar er íslensk löggjöf með þessu frumvarpi að fylgja fordæmi þeirra þjóða sem lengst hafa náð í starfi sínu að mannréttindum til handa samkynhneigðum í heiminum. Fimm ríki veraldar auk tveggja fylkja Bandaríkjanna hafa nú ein hjúskaparlög óháð kynhneigð. Þetta eru Belgía, Holland, Kanada, Suður Afríka og Spánn auk Massachusetts og Iowa í Bandaríkjunum. Í hjúskaparlögum Kanada og Spánar er enginn greinarmunur gerður á réttindum samkynhneigðra para en í hjúskaparlögum hinna ríkjanna er enn gerður greinarmunur hvað varðar búsetu og ríkisfang. Ríkisþing Svíþjóðar hefur sams konar breytingu á dagskrá.

Stjórn Samtakanna '78 vill gera þá athugasemd við fram komið lagafrumvarp að þar er hvergi kveðið á um það hvornig beri að skilgreina og fjalla um þau þör sem nú eru þegar í staðfestri samvist, verði frumvarpið að lögum. Stjórnin félagsins lítur svo á að við gildistöku breytinga á hjúskaparlögum á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir hljóti þessi þör sömu réttarstöðu og nafngiftir og aðrir íslenskir þegnar sem ganga í hjónaband, þannig að allar leifar hinnar fyrri nafngiftar staðfestrar samvistar verði úr sögunni. Um slíkt þarf að þó að kveða á um.

F.h. stjórnar Samtakanna '78
félags lesbía og homma á Íslandi

Frosti Jónsson
formaður

Hrafnkell T. Stefánsson
framkvæmdastjóri